

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 16. maí 2011
2011040015/42-1-1
TB
tb

Frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi (veglagning út með Þorskafirði um Teigsskóg), 439. mál

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá samgöngunefnd Alþingis, dags. 14. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi (veglagning út með Þorskafirði um Teigsskóg), 439. mál. Beðist er velvirðingar á því hvað dregist hefur að svara erindinu.


Þann 5. júlí 2010 óskaði umhverfisráðuneytið eftir álit Náttúrufræðistofnunar Íslands á óskum landeigenda Grafar og Hallsteinsness í Gufudalssveit í Reykhólahreppi að umhverfisráðherra hlutist til um friðlýsingu Teigsskógar á grundvelli laga um náttúruvernd. Álit Náttúrufræðistofnunar var eftirfarandi (sjá meðfylgjandi bréf dagsett 3. september 2010): *Náttúrufræðistofnun Íslands skal samkvæmt 4. gr. laga nr. 60/1990 leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Í ljósi þessa hlutverks mælir Náttúrufræðistofnun eindregið með því að Teigsskógur verði friðlýstur. Mikilvægasta ástæða þessa er fyrst og fremst mikilvægi birkiskógarins í heild sem vistkerfi og undirstaða tegundafjölbreytni fyrir dýr og plöntur. Teigsskógur er einnig hluti af búsvæði arnarins í þessum landshluta en örninn er enn í útrýmingarhættu. Teigsskógur er einnig með stærstu og heillegustu birkiskógum á Vestfjörðum og er hluti af svo til ósnortinni landslagsheild á þessu svæði. Það dylst engum að fyrirhugaðar vegaframkvæmdir eftir endilöngum Teigsskógi hefur kallað fram þörf til að vernda skóginn og ráðleggur Náttúrufræðistofnun að reynt verði að finna aðrar leiðir til að leysa brýna þörf fyrir að bæta vegsamgöngur í þessum landshluta.*

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu þar sem Náttúrufræðistofnun mælir með því að Teigsskógur verði friðlýstur getur stofnunin ekki mælt með því að frumvarp að lögum sem



gerir ráð fyrir veglagningu um Teigsskóg sé samþykkt. Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með svokallaðri hálsaleið.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
sviðsstjóri stjórnsýslu- og alþjóðamála

Meðf: Bréf til umhverfisráðuneytisins frá Náttúrufræðistofnun dags. 3. september 2010.

